

SAMNINGUR UM VARÐVEISLU MENNINGARERFÐA

Þrítugasti og annar fundur aðalráðstefnu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), sem haldinn var í París 29. september til 17. október 2003,

vísar til núgildandi, alþjóðlegra mannréttindagerninga, einkum mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna frá 1948, alþjóðasamkomulags um efnahagsleg, félagsleg og menningar-leg réttindi frá 1966 og alþjóðasamkomulags um borgaraleg og stjórn mála leg réttindi frá 1966,

telur menningarerfðir vera mikilvæga driffjöður menningarlegrar fjölbreytni og tryggingu fyrir sjálfbærri þróun, eins og lögð er áhersla á í tilmælum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um varðveislu hefðbundinnar menningar og þjóðfræða frá 1989, yfirlýsingu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um menningarlega fjölbreytni frá 2001 og Ístanbúl-yfirlýsingunni frá 2002 sem var samþykkt í þriðju hringborðs-umræðum menningarmálaráðherranna,

telur rótgróin tengsl vera á milli menningarerfða og menningar- og náttúruarfleifðar,

viðurkennir að alþjóðavæðingin og félagsleg umbrot, sem jafnframt því að búa til skilyrði fyrir endurnýjuð skoðanaskipti á milli samfélaga, skapa, líkt og skortur á umburðarlyndi, alvarlegri hættu á að menningarerfðum hnigni, þær eyðileggist eða hverfi með öllu, einkum vegna skorts á úrræðum til að varðveita þær erfðir,

gerir sér ljóst að almennur vilji er til þess og áhugi á að varðveita menningarerfðir mannkyns,

viðurkennir að samfélög, einkum samfélög frumbyggja, hópar og, í sumum tilvikum, einstaklingar gegna mikilvægu hlutverki í að skapa, varðveita, viðhalda og endurskapa menningarerfðir og stuðla þannig að menningarlegri fjölbreytni og aukinni sköpun,

bendir á þau víðtæku áhrif sem starf Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna hefur haft með gerð viðmiðunarreglna og samninga um verndun menningararfleifðar, einkum samningnum um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins frá 1972,

bendir enn fremur á að ekki hefur enn verið gerður bindandi, marghliða samningur um varðveislu menningarerfða,

telur að nauðsynlegt sé að auka og bæta gildandi, alþjóðlega samninga, tilmæli og ályktanir um menningar- og náttúruarfleifð með nýjum ákvæðum er lúta að menningar-erfðunum,

telur fulla þörf á að efla vitund fólks, einkum ungu kynslóðarinnar, um mikilvægi menningar-erfða og varðveislu þeirra,

telur að samfélag þjóðanna eigi að leggja sitt af mörkum, ásamt aðildarríkjunum að þessum samningi, til að varðveita þessar erfðir í anda samvinnu og gagnkvæmrar aðstoðar,

-2-

minnir á áætlanir Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna um menningarerfðir, einkum yfirlýsinguna um úrvalsverk menningarerfða mannkyns í munnlegri geymd,

telur hlut menningarerfða í því, að færa fólk nær hvað öðru og tryggja samskipti og skilning manna í milli, vera ómetanlegan,

samþykkir samning þennan á sautjándi degi októbermánaðar árið 2003.

I. Almenn ákvæði.

1. gr. – Tilgangur.

Tilgangurinn með þessum samningi er:

- a) að varðveita menningararfðir,
- b) að tryggja að menningararfðir viðkomandi samfélaga, hópa og einstaklinga séu virtar,
- c) að efla vitund, bæði á staðarvísu og á innlendum og alþjóðlegum vettvangi, um mikilvægi menningararfða og tryggja að þær njóti gagnkvæmrar virðingar,
- d) að koma á alþjóðlegri samvinnu og aðstoð.

2. gr. – Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér segir:

1. „Menningararfðir“: siðvenjur, framsetning, tjáningarform, þekking, færni — ásamt tækjum, hlutum, listmunum og menningarrýmum sem þeim tengjast — sem sam-félög, hópar og, í sumum tilvikum, einstaklingar, telja hluta af menningararfleifð sinni. Menningararfðir, sem flytjast frá kynslóð til kynslóðar, eru í stöðugri endursköpun í samfélögum og hópum fólks sem svar við umhverfinu og þáttur í viðbrögðum fólks við náttúrunni og sögunni, þær styrkja sjálfsmynd þess og tilfinningu fyrir sögulegri fram-vindu og stuðla þannig að virðingu fyrir menningarlegri fjölbreytni og sköpun. Í þessum samningi verður einungis hugað að menningararfðum sem samrýmast gildandi alþjóða-samningum um mannréttindi, svo og kröfum um gagnkvæma virðingu milli samfélaga, hópa og einstaklinga og um sjálfbæra þróun.

2. „Menningararfðir“, í skilningi 1. mgr. hér að framan, birtast m.a. á eftirfarandi sviðum:

- a) munnlegri hefð og tjáningu, þ.m.t. tungumál sem miðill menningararfða,
- b) sviðslistum,
- c) félagsvenjum, helgisiðum og hátíðahöldum,
- d) þekkingu og venjum, sem tengjast náttúrunni og alheiminum,
- e) hefðbundinni verkkunnáttu.

-3-

3. „Varðveisla“: ráðstafanir sem er ætlað að tryggja að menningararfðir lifi áfram, m.a. með því að greina þær, skrá, rannsaka, varðveita, vernda, kynna, efla og miðla þeim, einkum með formlegri og óformlegri fræðslu, sem og með því að endurvekja ýmsa þætti þeirra.

4. „Aðildarríki“: ríki sem eru bundin af þessum samningi sem gildir þeirra á milli.

5. Þessi samningur gildir, að breyttu breytanda, um landsvæðin sem um getur í 33. gr. og verða þau aðilar að þessum samningi í samræmi við skilyrði þeirrar greinar. Að því marki tekur hugtakið „aðildarríki“ einnig til þeirra landsvæða.

3. gr. – Tengsl við aðra alþjóðasamninga.

Ekkert í þessum samningi má túlka á þann veg:

- a) að það breyti stöðu eða dragi úr verndun þeirra þátta sem lýstir hafa verið menningar-arfleifð samkvæmt samningnum um verndun menningar- og náttúru-arfleifðar heimsins frá 1972 ef einhver þáttur menningararfða tengist þeim beint eða
- b) að það hafi áhrif á réttindi og skyldur aðildarríkjanna sem leiðir af alþjóða-samningi, sem þau eru aðilar að, í tengslum við hugverkarétt eða notkun líffræðilegra eða vistfræðilegra auðlinda.

II. Stofnanir samningsins.

4. gr. – Þing aðildarríkjanna.

1. Þing aðildarríkjanna er hér með stofnað, hér á eftir nefnt „þingið“. Þingið er æðsta stofnun þessa samnings.
2. Þingið kemur saman á reglulegum fundi annað hvert ár. Það getur haldið auka-fund að eigin ákvörðun, að kröfu milliríkjanefndarinnar um varðveislu menningararfða eða að kröfu a.m.k. eins þriðja hluta aðildarríkjanna.
3. Þingið setur sér starfsreglur.

5. gr. – Milliríkjanefnd um varðveislu menningararfða.

1. Milliríkjanefnd um varðveislu menningararfða, hér á eftir kölluð „nefndin“, er hér með komið á fót innan Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Í henni skulu eiga sæti fulltrúar átján aðildarríkja, kjörnir af aðildarríkjunum sem koma saman á þinginu þegar samningur þessi hefur öðlast gildi í samræmi við 34. gr.
2. Þegar aðildarríkin eru orðin fimmtíu að tölu skal aðildarríkjunum í nefndinni fjölgað í tuttugu og fjögur.

- 4 -

6. gr. – Kjör og kjörtímabil ríkja í nefndinni.

1. Kjör ríkja í nefndina skal fylgja meginreglum um réttláta skiptingu milli heims-hluta og um setu á víxl.
2. Ríkin í nefndinni skulu kosin til fjögurra ára af ríkjum sem eiga aðild að þessum samningi og koma saman á þinginu.
3. Kjörtímabil helmings ríkjanna í nefndinni skal þó vera tvö ár þegar fyrst er kosið. Þau ríki skulu valin með hlutkesti þegar kosið er í fyrsta sinn.
4. Á tveggja ára fresti skal þingið skipta út helmingi ríkja í nefndinni.
5. Einnig skal það kjósa eins mörg ríki og þörf krefur í auð sæti í nefndinni.
6. Ekki má kjósa ríki í nefndina tvö starfstímabil í röð.
7. Ríkin í nefndinni skulu velja sem fulltrúa sína fólk sem er sérhæft á ýmsum sviðum menningararfða.

7. gr. – Störf nefndarinnar.

Með fyrirvara um umboð til annars, sem nefndin kann að fá samkvæmt þessum samningi, skulu störf hennar vera:

- a) að vinna að markmiðum samningsins og stuðla að og fylgjast með framkvæmd þeirra,
- b) að leiðbeina um bestu starfsvenjur og gera tillögur um ráðstafanir til varðveislu menningararfða,
- c) að semja drög að áætlun um nýtingu sjóðsins og leggja fyrir þingið til samþykktar í samræmi við 25. gr.,
- d) að leita leiða til að afla meira fjár í sjóðinn og gera nauðsynlegar ráðstafanir í þessu skyni í samræmi við 25. gr.,
- e) að semja verklagsreglur fyrir eftirfylgni þessa samnings og leggja fyrir þingið til samþykktar,
- f) að fara yfir skýrslur, sem aðildarríkin leggja fram, í samræmi við 29. gr. og gera samantekt úr þeim fyrir þingið,
- g) að taka til meðferðar beiðnir sem aðildarríkin leggja fram og taka ákvarðanir er að þeim lúta í samræmi við hlutlægar viðmiðanir við val, sem nefndinni ber að setja og þinginu að samþykkja, um:

- i) að færa inn í skrár og tillögur, sem um getur í 16., 17. og 18. gr.,
- ii) að veita alþjóðlega aðstoð í samræmi við 22. gr.

8. gr. – Starfsaðferðir nefndarinnar.

1. Nefndin skal vera ábyrg gagnvart þinginu. Hún skal gefa því skýrslu um öll sín störf og ákvarðanir.
 2. Nefndin skal setja sér starfsreglur með atkvæðum tveimur þriðju hluta nefndar-manna.
- 5-
3. Nefndinni er heimilt að setja tímabundið á laggirnar hverjar þær stofnanir sem hún telur nauðsynlegt að hafa sér til ráðgjafar við störf sín.
 4. Nefndin getur boðað á sinn fund opinbera aðila eða einkaaðila, sem og einstaklinga, sem viðurkennt er að hafi til að bera sérstaka þekkingu og hæfi á ýmsum sviðum menningararfða til að leita ráða hjá í tilteknum málum.

9. gr. – Viðurkenning á ráðgefandi stofnunum.

1. Nefndin skal leggja tillögu fyrir þingið um viðurkenningu á frjálsum félagasamtökum með viðurkennda faglega þekkingu á sviði menningararfða sem verða nefnd-inni til ráðgjafar.
2. Nefndin skal einnig leggja tillögu fyrir þingið um viðmiðanir og fyrirkomulag þess-arar viðurkenningar.

10. gr. – Skrifstofan.

1. Nefndin skal njóta aðstoðar skrifstofu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.
2. Skrifstofan skal útbúa gögn fyrir þingið og nefndina og semja drög að dag-skrá funda þeirra og skal hún sjá til þess að ákvörðunum þeirra sé komið í framkvæmd.

III. Varðveisla menningararfða innanlands.

11. gr. – Hlutverk aðildarríkja.

Hvert aðildarríki skal:

- a) gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja varðveislu menningararfða á yfirráðasvæði sínu,
- b) sem ráðstöfun til varðveislu, eins og um getur í 3. mgr. 2. gr., greina og skilgreina þá þætti menningararfða, sem finnast á yfirráðasvæði þeirra með þátttöku samfélaga, hópa og viðkomandi frjálsra félagasamtaka.

12. gr. – Yfirlitsskrár.

1. Hvert aðildarríki skal taka saman eina eða fleiri yfirlitsskrár, lagaðar að sínum aðstæðum, yfir menningararfðir á yfirráðasvæði sínu til að greina þær með tilliti til varðveislu. Þessar yfirlitsskrár skulu uppfærðar reglulega.
2. Þegar aðildarríki leggur skýrslu sína fyrir nefndina í samræmi við 29. gr. skal það gefa viðeigandi upplýsingar um þessar yfirlitsskrár.

13. gr. – Aðrar ráðstafanir til varðveislu.

Til að tryggja varðveislu, þróun og kynningu á menningararfðum á eigin yfirráðasvæði skal hvert aðildarríki leitast við:

- a) að móta heildarstefnu sem miðar að því að efla menningararfðir í þjóðfélaginu og fella varðveislu slíkra erfða inn í skipulagsáætlanir,
- b) að tilnefna eða setja á laggirnar eina eða fleiri sérhæfðar stofnanir til að varðveita menningararfðir á yfirráðasvæði sínu,

- 6 -

- c) að hlúa að rannsóknum í vísindum, tækni og listum, svo og aðferðafræði rannsókna, með það fyrir augum að varðveita menningararfðir, einkum þær sem eiga

í vök að verjast,

d) að samþykkja viðeigandi lagalegar, tæknilegar, stjórnsýslulegar og fjárhagslegar ráðstafanir sem miða að því:

- i) að stuðla að því að koma á fót nýjum stofnunum, eða styðja þær sem fyrir eru, þar sem kennd er umsjón með menningararfðum og miðlun þeirra, á vettvangi og í rýmum sem eru ætluð til að sýna hana eða tjá með einhverjum hætti,
- ii) að tryggja aðgang að menningararfðum og virða jafnframt viðteknar venjur um aðgang að sérstökum þáttum slíkra erfða,
- iii) að setja á laggirnar stofnanir til að skrá heimildir um menningararfðir og auðvelda aðgang að þeim.

14. gr. – Menntun, vitundarvakning og efling fagþekkingar.

Hvert ríki skal með öllum tiltækum ráðum leitast við:

a) að tryggja að menningararfðir öðlist viðurkenningu og hljóti sinn sess í þjóðfélaginu, einkum með:

- i) áætlunum um fræðslu, vitundarvakningu og upplýsingar fyrir almenn-ing, einkum ungmenni,
- ii) sérstökum fræðslu- og þjálfunaráætlunum innan viðkomandi sam-fél-aga og hópa,
- iii) eflingu fagþekkingar í því skyni að varðveita menningararfðir, einkum umsjón og vísindarannsóknir, og
- iv) óformlegum aðferðum við miðlun þekkingar,

b) að fræða almenning um hættur sem steðja að slíkum erfðum og um þá starf-semi sem fer fram í samræmi við þennan samning,

c) að auka fræðslu til verndunar náttúrulegu rými og minningarstöðum sem eru nauðsynlegir til að tjá menningararfðir.

15. gr. – Þátttaka samfélaga, hópa og einstaklinga.

Með aðgerðum sínum til varðveislu menningararfða skal hvert aðildarríki leitast við að tryggja sem mesta þátttöku þeirra samfélaga, hópa og, eftir því sem við á, einstaklinga sem skapa, viðhalda og miðla menningararfðum og fá þessa aðila til að taka virkan þátt í umsjón þeirra.

IV. Varðveisla menningararfða á alþjóðavettvangi.

16. gr. – Skrá yfir dæmigerðar menningararfðir mannkyns.

1. Nefndin skal, að fenginni tillögu hlutaðeigandi aðildarríkja, taka saman, uppfæra og birta skrá yfir dæmigerðar menningararfðir mannkyns til að tryggja að þær verði sýnilegri og til að efla vitund um mikilvægi þeirra og hvetja til skoðanaskipta þar sem menningarleg fjölbreytni er virt.

- 7 -

2. Nefndin skal semja reglur um hvernig standa skuli að því að taka saman, uppfæra og birta skrána og leggja fyrir þingið.

17. gr. – Skrá yfir menningararfðir sem brýnt er að varðveita.

1. Í þeim tilgangi að gera viðeigandi ráðstafanir til varðveislu menningararfða skal nefndin taka saman, uppfæra og birta skrá yfir menningararfðir sem brýnt er að varðveita og skal hún færa slíkar erfðir í skrána að beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis.

2. Nefndin skal semja viðmiðanir um hvernig standa skuli að því að taka saman, uppfæra og birta þessa skrá og leggja fyrir þingið.

3. Beri til þess brýna nauðsyn, samkvæmt hlutlægum viðmiðunum sem þingið þarf að samþykkja að tillögu nefndarinnar, getur nefndin fært viðkomandi erfðir í skrána, sem um

getur í 1. mgr., í samráði við hlutaðeigandi aðildarríki.

18. gr. – Áætlanir, verkefni og starfsemi til varðveislu menningararfða.

1. Nefndin skal, á grundvelli tillagna sem aðildarríkin leggja fram og í samræmi við viðmiðanir sem hún skilgreinir og þingið samþykkir, velja, með reglubundnu millibili, áætlanir, verkefni og starfsemi, sem fer fram ýmist á landsvísu eða innan svæða eða svæðishluta, og styðja við gerð þeirra til að varðveita erfðir sem hún telur best endur-spegla meginreglur og markmið þessa samnings, að teknu sérstöku tilliti til sérþarfa þróunarlanda.
2. Í þessu skyni skal hún, við undirbúning að gerð slíkra tillagna, veita viðtöku, taka til athugunar og samþykkja beiðni um alþjóðlega aðstoð frá aðildarríkjum.
3. Við framkvæmd þess konar verkefna, áætlana og starfsemi skal nefndin miðla bestu starfsvenjum með þeim aðferðum sem hún ákvarðar sjálf.

V. Alþjóðleg samvinna og aðstoð.

19. gr. – Samvinna.

1. Í samningi þessum er með alþjóðlegri samvinnu m.a. átt við að skipst sé á upplýsingum og reynslu, unnið að sameiginlegum verkefnum og kerfi komið á til að aðstoða aðildarríkin í viðleitni þeirra við að varðveita menningararfðir.
2. Aðildarríkin gera sér grein fyrir því að varðveisla menningararfða er almennt hagsmunamál mannkyns og stofna í því skyni til samvinnu, með fyrirvara um ákvæði í innlendri löggjöf, venjurétt og starfs-hætti, ýmist með tvíhliða samvinnu milli landa eða samvinnu innan svæða, svæðishluta eða á alþjóðlegum vettvangi.

20. gr. – Markmiðin með alþjóðlegri aðstoð.

Veita má alþjóðlega aðstoð með eftirfarandi að markmiði:

- a) að varðveita þá arfleifð sem er færð í skrá yfir menningararfðir sem brýnt er að varðveita,
 - b) taka saman yfirlitsskrár í skilningi 11. og 12. gr.,
- 8 -
- c) að styðja við áætlanir, verkefni og starfsemi á landsvísu, eða innan svæða eða svæðishluta, sem miða að varðveislu menningararfða,
 - d) önnur markmið sem nefndin kann að telja nauðsynleg.

21. gr. – Ýmis form alþjóðlegrar aðstoðar.

Þær verklagsreglur, sem gert er ráð fyrir í 7. gr., og samningurinn, sem um getur í 24. gr., skulu gilda um þá aðstoð sem nefndin veitir aðildarríki, sem getur verið með eftirfarandi hætti:

- a) að rannsaka ýmsa þætti varðveislu,
- b) að útvega sérfræðinga og fræðimenn,
- c) að þjálfa allt það starfslið sem til þarf,
- d) að semja staðla og gera aðrar ráðstafanir,
- e) að koma á fót aðstöðu og starfrækja hana,
- f) að útvega tæki og tryggja verkkunnáttu,
- g) að veita fjárhagslega og tæknilega aðstoð í annarri mynd, þ.m.t., ef við á, lán með lágum vöxtum og gjafir.

22. gr. – Skilyrði fyrir alþjóðlegri aðstoð.

1. Nefndin skal setja verklagsreglur um meðferð beiðna um alþjóðlega aðstoð og tilgreina hvaða upplýsingar skuli leggja fram með beiðnum, t.d. um fyrirhugaðar ráðstafanir og

nauðsynlegar aðgerðir, svo og mat á kostnaði vegna þeirra.

2. Í neyðartilvikum skulu beiðnir um aðstoð fá forgangsmeðferð hjá nefndinni.

3. Nefndin skal framkvæma þær rannsóknir og hafa það samráð sem hún telur sig þurfa til að taka ákvörðun.

23. gr. – Beiðni um alþjóðlega aðstoð.

1. Hvert aðildarríki getur lagt fyrir nefndina beiðni um alþjóðlega aðstoð til að varð-veita menningararfdir á yfirráðasvæði þess.

2. Tvö eða fleiri aðildarríki geta einnig lagt fram slíka beiðni sameiginlega.

3. Beiðninni skulu fylgja þær upplýsingar, sem tilgreindar eru í 1. mgr. 22. gr., og nauðsynleg gögn.

24. gr. – Hlutverk aðildarríkja sem fá aðstoð.

1. Í samræmi við ákvæði þessa samnings skal samningur milli aðildarríkisins, sem fær aðstoð, og nefndarinnar gilda um veitta, alþjóðlega aðstoð.

2. Að jafnaði skal aðildarríki, sem aðstoðar nýtur, taka þátt í kostnaði við þau varðveisluverkefni sem alþjóðlega aðstoðin rennur til innan þeirra marka sem fjárhagur þess leyfir.

3. Aðildarríki, sem fær aðstoð, skal leggja fyrir nefndina skýrslu um nýtingu aðstoðar sem hefur verið veitt til varðveislu menningararfða.

- 9 -

VI. Sjóður í þágu menningararfða.

25. gr. – Eðli og fjármagn sjóðsins.

1. „Sjóður til varðveislu menningararfða“, hér á eftir nefndur „sjóðurinn“, er hér með stofnaður.

2. Sjóðurinn er myndaður af vörslusjóðum sem eru stofnaðir í samræmi við fjárhagsreglugerðir Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

3. Tekjustofnar sjóðsins skulu vera:

a) framlög aðildarríkjanna,

b) fé sem aðalráðstefna Menningar-málastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) veitir til þessa,

c) framlög, gjafir eða dánargjafir sem kunna að koma frá:

i) öðrum ríkjum,

ii) stofnunum og áætlunum Sameinuðu þjóðanna, einkum Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna eða öðrum alþjóðastofnunum,

iii) opinberum eða einkareknum stofnunum eða einstaklingum,

d) vextir af fjármunum sjóðsins,

e) fé, sem aflað er með söfnun, og tekjur af fjáröflun, sem er skipulögð í þágu sjóðsins, og

f) allir aðrir fjármunir, sem heimilaðir eru samkvæmt reglum sjóðsins sem nefndin semur.

4. Notkun nefndarinnar á fjármunum skal ákvörðuð á grundvelli viðmiðunarreglna sem þingið mælir fyrir um.

5. Nefndinni er heimilt að þiggja framlög og aðra aðstoð í almennum og sérstökum tilgangi í tengslum við sérstök verkefni, enda hafi nefndin áður samþykkt verkefni.

6. Ekki er heimilt að setja nein stjórnmalaleg, efnahagsleg eða annars konar skilyrði, sem eru ósamrýmanleg markmiðum þessa samnings, í tengslum við framlög til sjóðsins.

26. gr. – Framlög aðildarríkja til sjóðsins.

1. Með fyrirvara um frjáls viðbótarframlög skuldbinda aðildarríkin að þessum samningi sig

til að greiða í sjóðinn, a.m.k. á tveggja ára fresti, framlag sem skal ákveðið sem jafn hundradshluti fyrir öll ríki og skal þingið taka ákvörðun um fjárhæðina. Þessi ákvörðun þingsins skal tekin með meirihluta atkvæða þeirra ríkja sem eiga fulltrúa á fundinum og greiða atkvæði en hafa ekki gefið yfirlýsinguna sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar. Framlag aðildarríkis að þessum samningi skal aldrei vera hærra en 1% af framlagi þess til reglulegra fjárlaga Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

2. Engu að síður getur hvert það ríki, sem um getur í 32. eða 33. gr. þessa samnings, lýst því yfir, þegar það afhendir skjöl sín um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, að það sé óbundið af ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar.

3. Aðildarríki að þessum samningi, sem hefur gefið yfirlýsinguna sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, getur afturkallað fyrrgreinda yfirlýsingu með því að tilkynna það aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Afturköllun yfirlýsingar-innar öðlast þó ekki gildi að því er varðar framlag það, sem ríkinu ber að inna af hendi, fyrr en þann dag sem næsti fundur þingsins hefst.

- 10 -

4. Til þess að nefndin geti skipulagt störf sín þannig að gagn sé að skulu framlög aðildarríkjanna, sem hafa gefið yfirlýsingu skv. 2. mgr. þessarar greinar, greidd reglulega, eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti, og ættu þau ekki að vera lægri en þau framlög sem þeim hefði borið að greiða hefðu þau verið bundin af ákvæðum 1. mgr. þessarar greinar.

5. Aðildarríki að þessum samningi, sem er í vanskilum með greiðslu á skyldu-framlagi eða frjálsum framlagi sínu fyrir yfirstandandi ár og næstliðið almanaksár, er ekki kjörgengt í nefndina; þetta ákvæði á þó ekki við þegar kosið er í fyrsta sinn. Starfstímabili ríkis, sem þannig er ástatt um og þegar á sæti í nefndinni, skal ljúka þegar kosningarnar, sem kveðið er á um 6. gr. þessa samnings, fara fram.

27. gr. – Frjáls viðbótarframlög til sjóðsins.

Aðildarríki, sem óska eftir að greiða frjáls framlög til viðbótar þeim sem mælt er fyrir um í 26. gr., skulu tilkynna nefndinni það eins fljótt og við verður komið til að auðvelda henni að skipuleggja starfsemi sína til samræmis við það.

28. gr. – Alþjóðlegar fjáráflunarherferðir.

Aðildarríkin skulu, eftir því sem við verður komið, styðja alþjóðlegar fjáraflanir sem eru skipulagðar í þágu sjóðsins á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

VII. Skýrslur.

29. gr. – Skýrslur aðildarríkjanna.

Aðildarríkin skulu leggja fyrir nefndina skýrslur um lög og reglur, sem sett eru, og aðrar ráðstafanir, sem gerðar eru til framkvæmdar þessum samningi, í því formi og eins oft og nefndin ákvarðar.

30. gr. – Skýrslur nefndarinnar.

1. Á hverjum fundi þingsins skal nefndin leggja fram skýrslu um störf sín og skýrslur aðildarríkjanna sem um getur í 29. gr.

2. Skýrslan skal kynnt á aðalráðstefnu Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

VIII. Bráðabirgðaákvæði.

31. gr. – Tengslin við yfirlýsinguna um úrvalsverk menningararfða mannkyns í munnlegri geymd.

1. Nefndin skal færa inn í skrána yfir dæmigerðar menningararfðir þá þætti, sem lýst hefur verið yfir að séu „úrvalsverk menningararfða mannkyns í munnlegri geymd“, áður en samningur þessi öðlast gildi.

2. Skráning þessara þátta í skrána yfir dæmigerðar menningarerfðir mannkyns skal ekki á neinn hátt skapa fordæmi til að miða við síðar þegar verk eru sett á listann í samræmi við 2. mgr. 16. gr.

3. Engar frekari yfirlýsingar verða gefnar eftir að samningur þessi öðlast gildi.

- 11 -

IX. Lokaákvæði.

32. gr. – Fullgilding, staðfesting eða samþykki.

1. Samningur þessi er háður fullgilding, staðfestingu eða samþykki aðildarríkja Menningarmála stofnunar Sameinuðu þjóðanna í samræmi við stjórnskipulega máls-meðferð hvers þeirra um sig.

2. Skjöl um fullgilding, staðfestingu eða samþykki skulu afhent til vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

33. gr. – Aðild.

1. Aðild að samningi þessum er opin öllum ríkjum, sem eru ekki aðilar að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, og aðalráðstefna stofnunarinnar býður aðild að.

2. Landsvæðum, sem njóta fullrar sjálfstjórnar í innri málefnum og Sameinuðu þjóðirnar viðurkenna sem slík, en hafa ekki öðlast fullt sjálfstæði í samræmi við XV. gr. ályktunar allsherjarþingsins nr. 1514, og hafa sjálfsforræði í málum sem falla undir samn-ing þennan, t.d. til að gera samninga um slík mál, er heimilt að gerast aðilar að þessum samningi.

3. Aðildarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Menningarmála-stofnunar Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

34. gr. – Gildistaka.

Samningur þessi öðlast gildi á þeim degi þegar þrjú mánuðir eru liðnir frá því að þrítugasta skjalið um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild var afhent til vörslu, en þó einungis gagnvart þeim ríkjum sem hafa afhent skjöl sín um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu þann dag eða fyrr. Samningurinn öðlast gildi að því er önnur ríki varðar þremur mánuðum eftir að skjal hvers þeirra um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu.

35. gr. – Stjórnkerfi sambandsríkis eða ríkis sem lýtur ekki heildarstjórn.

Eftirfarandi ákvæði skulu gilda um þau aðildarríki sem hafa stjórnkerfi sambandsríkis eða ríkis sem lýtur ekki heildarstjórn:

a) þegar það fellur undir lögsögu sambandslöggjafarvalds eða miðstýrðs lög-gjafarvalds að fylgja eftir ákvæðum samnings þessa, skulu skuldbindingar sambandsstjórnar eða miðstjórnar vera hinar sömu og þeirra aðildarríkja sem ekki eru sambandsríki,

b) þegar framkvæmd ákvæða samnings þessa fellur undir lögsögu einstakra fylkja í sambandsríki, landa, héraða eða kantóna, sem stjórnskipan sam-bands-ríkisins skuldbindur ekki til að setja lög og reglur, skal sambands-stjórnin kynna lögbærum yfirvöldum slíkra fylkja, landa, héraða eða kantóna fyrirnefnd ákvæði og mælast til þess að þau verði samþykkt.

- 12 -

36. gr. – Uppsögn.

1. Sérhvert aðildarríki getur sagt samningnum upp.

2. Uppsögn skal tilkynnt skriflega og afhent aðalframkvæmdastjóra Menningarmála-stofnunar Sameinuðu þjóðanna.

3. Uppsögnin öðlast gildi tólf mánuðum eftir viðtöku uppsagnarskjalsins. Hún hefur ekki áhrif á fjárhagslegar skuldbindingar uppsagnarríkisins fyrr en á þeim degi sem hún öðlast gildi.

37. gr. – Hlutverk vörsluaðila.

Aðalframkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna skal, sem vörslu-aðili samnings þessa, tilkynna aðildarríkjum stofnunarinnar, þeim ríkjum utan stofnunarinnar, sem um getur í 33. gr., og Sameinuðu þjóðunum um afhendingu allra skjala um fullgildinguna, staðfestingu, samþykki eða aðild, sem kveðið er á um í 32. og 33. gr., til vörslu, svo og um þær uppsagnir sem kveðið er á um í 36. gr.

38. gr. – Breytingar.

1. Aðildarríki getur gert tillögur um breytingar á þessum samningi með skriflegri orðsendingu til aðalframkvæmdastjórans. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda orðsendinguna til allra aðildarríkjana. Ef a.m.k. helmingur aðildarríkjana hefur tekið undir beiðnina, innan sex mánaða frá því að orðsendingin var send, skal aðalframkvæmdastjórinn leggja tillöguna fram á næsta fundi þingsins til umfjöllunar og hugsanlegrar samþykktar.
2. Breytingar á samningnum skulu samþykktar með tveimur þriðju hlutum atkvæða aðildarríkjana sem sækja fundinn og greiða atkvæði.
3. Þegar breytingar á samningi þessum hafa verið samþykktar skal leggja þær fyrir aðildarríkin til fullgildingar, staðfestingar, samþykkis eða aðildar.
4. Breytingar á samningnum öðlast gildi, en einungis að því er þau aðildarríki varðar sem hafa fullgilt, staðfest, samþykkt eða gerst aðilar að þeim, þremur mánuðum eftir að tveir þriðju aðildarríkjana hafa afhent til vörslu skjölin sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar. Eftir það öðlast breyting gildi, að því er hvert aðildarríki varðar sem fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að breytingunni, þremur mánuðum eftir að það aðildarríki afhenti til vörslu skjöl um fullgildinguna, staðfestingu, samþykki eða aðild.
5. Málsmeðferðin, sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr., á ekki við um breytingar á 5. gr. varðandi fjölda aðildarríkja í nefndinni. Þær breytingar öðlast gildi um leið og þær eru samþykktar.
6. Ríki, sem gerist aðili að samningi þessum eftir að breytingarnar í samræmi við 4. mgr. þessarar greinar öðlast gildi, telst, ef það lætur ekki í ljós annan ásetning:
 - a) vera aðili að samningi þessum með áorðnum breytingum og
 - b) vera aðili að óbreyttum samningi gagnvart öðru aðildarríki sem ekki er bundið af breytingunum.

- 13 -

39. gr. – Gildir textar.

Samningur þessi er gerður á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir.

40. gr. – Skráning.

Samningur þessi skal skráður, í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, hjá aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna að beiðni aðalframkvæmdastjóra Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.